



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Allsherjar- og menntamálanefnd
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024
MÍ202405-0058/ 0.01 / G.Ó.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða - 941. mál.

Með tölvupósti, dags. 3. maí 2024, til Minjastofnunar Íslands, sendi Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða.

Minjastofnun Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur þetta vera jákvætt og nauðsynlegt verkefni.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að markmið þingsályktunartillögunnar sé að styðja enn frekar við uppbyggingu menningarferðaþjónustu á sögustöðum og móta slíkum áherslustöðum viðeigandi umgjörð. Það skuli gert í samráði við viðeigandi ráðuneyti, áfangastaðastofur og aðra hagsmunaaðila, líkt og landeigendur, rekstraraðila og heimafólk.

Þeir sögustaðir sem taldir eru upp í dæmaskyni í greinargerðinni falla allir undir lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Í 1. gr. laganna kemur fram að tilgangur þeirra sé að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Til menningarminja teljist ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin nái einnig til staða sem tengist menningarsögu.

Með hliðsjón af framangreindu má gera ráð fyrir því að flestir, ef ekki allir, þeirra staða sem til greina koma sem sögustaðir samkvæmt umræddri þingsályktunartillögu séu friðaðir eða friðlýstir samkvæmt lögum um menningarminjar.

Telur Minjastofnun því eðlilegt að stofnunin sé meðal helstu samráðsaðila þessa verkefnis í ljósi hlutverks síns samkvæmt m.a. 1. mgr. 11. gr. laganna, þar sem kemur fram að stofnunin sé stjórnarsýslustofnun sem annist framkvæmd minjavörslu í samræmi

Gísli Óskarsson
Lögfræðingur
gisli@minjastofnun.is

við ákvæði þeirra laga. Hlutverk stofnunarinnar sé að hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,


Gísli Óskarsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs